

Kári Freyr Björnsson ballettdansari dansar Mats Ek, Tsjaikovski og Balanchine í Ósló:

Dýrmætast að safna reynslu

Íslenski ballettdansarinn Kári Freyr Björnsson dansaði hlutverk „prinsins“ í nútímauppfærslu á Þyrnirós eftir Mats Ek hjá Norska Þjóðarballettinum sl. haust, eins og sagt var frá hér á menningarsíðu. Þar er Þyrnirós sprautufíkill og kom Kári eins og bjargvættur utan úr sal, cepandi á dilerinn, og lífgaði hana úr eiturdái. Hann sagði að þetta hefði verið nokkuð snúið á frumsýningu því skammt var þá um liðið frá 11. september og norska prinsessan var í salnum þannig að nauðsynlegt hefði verið að láta lífverði hennar víta af því að þetta væri hluti af sýningunni en ekki geðveikur maður meðal áhorfenda sem skyndilega færi að skipta sér af því sem gerðist á sviðinu!

Sýningin fékk betri dóma en dæmi eru til um ballettsýningu í Noregi og Kára var lofsamlega getið. Við náðum í hann í örstuttu jólafríi – eða öllu heldur eftir-áramótafríi – frá Hnotubróttum eftir Tsjaikovski sem sýndur er um hver jól í Ósló og er geysilega vinsæl fjölskylduskemmtun. Þar dansaði hann ekki aðeins með fjölda norskra og alþjóðlegra dansara heldur var í flokki yngstu dansaranna frænka hans lítil sem býr í Noregi. Þannig að tveir Íslendingar dönsuðu í þessari hefðbundnu ballettsýningu hjá Norska Þjóðarballettinum um jólin. Sýningin fékk einróma lof og hjartanlegar viðtökur almennings. „Sýningar urðu fjórtán og því nær allar fyrir fullu húsi,“ segir Kári. „Norðmenn eru nokkuð duglegir að sækja ballettsýningar.“

Giselle í gettó
Næstur á dagskrá hjá Kára er ballettinn Giselle sem frumsýndur verður um næstu

mánaðamót, en eins og Þyrnirós í haust er þetta afar nútímaleg útgáfa. „Sagan er látin gerast árið 1943 í gyðingahverfinu í Varsjá í Póllandi,“ segir Kári. „Stjórnandinn er breskur, Michael Pink, mjög fyndinn náungi og gott að vinna með honum. Þessi útfærsla er eftir hann sjálfan og hefur verið sett upp bæði í Bretlandi og áður í Noregi. Sagan er upprunalega um aðalsmann sem verður ástfanginn af fátækri stúlku. Hann er trúlofaður

annarri og þegar Giselle sér þau saman deyr hún úr sorg. Í þessari nýju útfærslu er hann þýskur liðsforingi sem kemur dulbúinn inn í gettó í Varsjá eða í venjulegum borgaralegum fötum. Þau hittast og verða ástfangin en sú ást er ekki síður vonlaus en milli aðalsmannsins og fátæku stúlkunnar.“

Pink hefur sett þennan ballett áður upp í Ósló og notar sömu aðaldansara en það er mikils virði að fá að vinna með svona virtum stjórnanda. Næst á eftir Giselle verður sett upp sýning á þremur dönsuðum eftir þrjú merka danshöfundu, klassískan, ný-klássískan og modern: George Balanchine, Jiri Kylián og Paul Lightfoot eða Pál Léttfeta – sem er einstaklega vídeigandi nafn á dansara og danshöfund! Þessi sýning verður sett upp í mars og Kári veit nú þegar að hann verður með gott hlutverk í verkinu eftir Balanchine. Hinir tveir danshöfundarnir eiga eftir að velja dansara og hlakkar Kári mjög til að vinna með þeim eða sjá þá vinna.

Kára líkar vel í Noregi, gott fólk í flokknum og allar aðstæður góðar. Klassíska spurningin hlýtur þó að vera hvort hann langi ekki til að koma heim og dansa... „Kannski einhvern tíma,“ segir hann og brosir elskulega. „En mig langar til að vera lengur erlendis. Það vantar dansara í Kaupmannahöfn núna en ég læt Noreg ganga fyrir í bili því maður fær betri hlutverk því lengur sem maður dvelur á hverjum stað. Dýrmætast af öllu fyrir unga dansara er að safna reynslu.“



Með sykri og rjóna

Það verður sannkölluð stórafmælisveisla í Borgarleikhúsinu annað kvöld, 11. janúar, í tilefni af 105 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur. Ekki einungis verður frumsýning hjá leikflokki Nýja sviðsins á Fyrst er að fæðast eftir Line Knutzon heldur ætla söng- og leikkonurnar Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Selma Björnsdóttir að bregða á leik með heilli hátíðardagskrá á Stóra sviði Borgarleikhússins. Auk þeirra munu félagar úr Íslenska dansflokknun stíga nokkur vel valin spor og undirleik annast fjögurra manna hljómsveit skipuð Óskari Einarssyni á píanó, Sigurði Flosasyni á bassa og Halldóri Gunnlaugssyni á trommur. Þarna verða flutt lög úr söngleikjum, gömul og ný, einsöngslög og dúettar. Með sykri og rjóna hefst kl. 21.

Myrkir músíkdagar

Við minnum á tónlistarhátíðina Myrka músíkdaga sem hefst á sunnudagskvöldið kl. 20 með tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur í Listasafni Íslands. Þetta eru eiginlega afmælistónleikar Hafliða Hallgrímssonar tónskálds sem varð sextugur á nýliðnu ári og verða flutt þrjú verk eftir hann, „Ombra“, konsert fyrir víólu og strengjasveit, „Ríma“ fyrir sópran og strengjasveit og „Herma“ fyrir selló og strengjasveit. Bernharður Wilkinson stjórnar. Einleikarar og einsöngvari gjörþekkja verkin. Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari flutti Ombru eftirminnilega við opnun Menningarborgarársins í Borgarleikhúsinu, Ríma var samín fyrir Ragnhild Heiland-Sörensen fyrir Ólympíuleikana í Lillehammer og flytur hún það einnig nú, og Thorleif Thedéen hefur áður flutt Hermu víða um lönd. Fjöldi annarra tónleika verður á hátíðinni og verða þeir kynntir nánar á morgun.

Myndlist

Til varnar gleri

Undarlegt er hvernig glerið – heitt og kalt, blásið og steyp – hefur liðið fyrir aðráttarafl sitt og fortíð. Öldum saman hafa menn verið svo önnum kafnir við að gera úr því einskært augnakonfekt og húsaprýði að þeir hafa horft fram hjá, eða ekki tekið alvarlega, aðra kosti þess, kosti sem vísast ættu að geta nýst til sjálfstæðrar listsköpunar. Er nokkurt annað náttúruvefni jafn þjálft og hart, jafn gegnheilt og gegnsætt, jafn galopið fyrir öllum litbrigðum jarðarinnar? Berum saman afdrif glers og brons; það síðarnefnda notuðu handverksmenn fyrrum til að smíða og steypa úr allrahandu skrautumni sem seinna meir varð ekki til að slá á rykti þess meðal alvarlegra listamanna. Bronsskúlpútur eru taldir mikilvægt framlag til þrívíddarlistarinnar á tuttugustu öld, en glerskúlpútur fá hvergi inni á listasöfnum. Það er eins og okkur sé fyrirumnað að trúa því að svo augljóslega aðlaðandi og skreytikent efni geti þjónað öðru en eigin þokka. Og meðan hugtök á borð við „fegurð“ og „þokki“ eru ekki


til umræðu meðal framsækinnu listamanna er kannski ekki von til þess að nokkur breyting verði á þessari listrænu aðskilnaðarstefnu. **Á jafnréttisgrundvelli** Það er athyglisvert að í þau fáu skipti sem þrívíddarlistamenn, hér á landi sem annars staðar, nota gler í verkum sínum gera þeir sér far um að „afbyggja“ það með því að breyta því í gegnheilt, ógegnsætt, jafnvel beinlínis óaðlaðandi efni, sjá til dæmis verk Brynhildar Þorgeirdóttur, Jónínu Guðnadóttur og Steinunnar Þórarinsdóttur. Víðast á Vesturlöndum hafa listamenn lítið þælt í örlögum glersins í víðu listrænu samhengi, nema þar sem glerlist af ýmsu tagi stendur fóstur fötum, til að mynda í fyrrum Tékkóslóvakíu. Og það er mjög lærðómsríkt að fá hingað sýningu úr þeirri átt, þar sem listamenn leggja til atögu við áðurnefnd viðhorf til glersins, upptendraðir af þeirri sannfæringu að glerið megi nota til listsköpunar á jafnréttisgrundvelli með öðrum sjónlistum. Sýningin nefnist Rúbikon og er upprunalega hugarfóstur tékknesks eldhuga og hönnuðar, Ivo Kren, sem er í forsvari fyrir glerlistardeild Listasafns Austur-Bæheims. Á sýningunni eru sex íðilsnjallir listamenn á sínu sviði, Jaromír Rybák, hjónin Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová, Jan Exnar, Bohumil Eliás og Jaroslav Matous.



Bohumil Eliás: Punguð kona íðilsnjallir glerlistamenn sýna á Kjarvalsstöðum.

tjáningu nútímalegra, jafnvel „framúrsteffulegra“ viðhorfa, heldur miklu frekar þau sjónarmið sem listamennirnir sjálfir eru aldrið upp við. Hér á ég við að gegnumskínandi glæsileiki og áreynslulaust skreyti ýmissa hlutanna á sýningunni, til að mynda ýmsir hlutir eftir Eliás og Matous, eru fyrst og fremst afkvæmi ákveðinnar skreytihefðar í miðevrópskum mótternisma. Og ýkjustill sá sem Rybák ástundar í blönduðum verkum sínum er líka surrealistísk fyrirbrigði fremur en „glerlistarlegt“, ef svo má segja. **Menn geta auðvitað gert athugasemdir við mótternískar forsendur þeirra verka sem þau Libenský-Brychtová sýna hér, sömuleiðis einföld eingaverk Jans Exnars; við getum haldið því fram að þær séu á skjön við þá póstmóðernísku tíð sem við erum hluti af. En þau verða ekki afskrifuð á grundvelli efnisins eins. Til þess eru þau of stórbrotin, innihaldsrík og glæsileg.** Út af fyrir sig þarf þetta tékkneska gler kannski ekki á þessari málsvörn að halda. Vilji menn einfaldlega sjá fagmennsku sem jaðrar við töfrabrögð ættu þeir að skunda upp á Kjarvalsstaði, því sýningunni lýkur þann 13. janúar.

Aðalsteinn Ingólfsson



Jan Exnar: Samruni rýma. Eru verkin á skjön við þá póstmóðernísku tíð sem við erum hluti af?

Töfrabrögð Það sem þessi sýning staðfestir kannski framar öðru er að glerið sjálft stendur ekki í vegi fyrir

Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga kl. 10-17 og sýningin stendur til 13. jan.